

1862. fyrir jarðirnar Granastaði í sama hrepp og Neðribæ í Háls hrepp
27. marzm. í sömu sýslu, er báðar til samans eru með 4 kúgildum.

Um leið og þetta er kunngjört yður, herra amtmaður, yður til leiðbeiningar og til þess þér auglýsið það hlutaðeiganda, skorar dómsmálastjórnin á yður, að þér gjörðið þær ráðstafanir, er með þarf, til þess jarðaskipti þessi komist á, og að þér hlutist til um, að jarðir þessar síðan verði teknar: Granastaðir undir umboð „Norður sýslu umboðsjarða“, og Neðribær undir umboð „Reykjadals jarða og hálftrar Flateyjar“.

Þegar jarðaskipti þessi eru búin, vonast stjórnarráðið eptir að fá skýrslu frá yður um það, og um leið eptirrit af jarðaskiptabréfinu.

7. aprilm. **20. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins og amtmannanna á Íslandi, um fê ómyndugra og lausar ríkisskuldur.**

Eptir því, sem fjárstjórnin hefir frá skýrt, verða ekki endurnýjaðar ákvarðanir þær, sem settar hafa verið um hinar lausu ríkisskuldur fyrir tímabilið frá 1. aprilm. 1860 til 31. marzm. 1862, og hefir þess vegna frá lokum fyrra mánaðar verið hætt að setja á vöxtu í ríkissjóðinn fê ómyndugra og opinberra stofnana, svo sem áður hefir leyft verið í lögum 4. nóvemberm. 1859 um lausar ríkisskuldur, og í eldri lögum.

Um leið og yður er birt þetta, herra (tit.) til þess það verði kunnugt öllum þeim, er hlut eiga að máli, skal þess getið, að það er vitaskuld, að haldið verður áfram að greiða vöxtu af því fê, sem þegar er komið inn í ríkissjóðinn, eins og að undanfögnu, þangað til búíð er að borga það út úr sjóðnum eptir undanfarandi uppsögn, með þeim fyrirvara, sem ákveðinn er um það fê¹. Því skal við bætt, að þangað til nákvæmar verður

1) Í bréfinu til stiptamtmannsins er þessi grein þannig orðuð:

„Um leið og yður er birt þetta, herra stiptamtmaður, til þess það verði kunnugt öllum þeim, er hlut eiga að máli, skorar dómsmálastjórn-

fyrirskipað um það efni, má ávaxta fè opinberra stofnana á þann hátt, að fyrir það seú keypt óuppsegjanleg ríkisskuldabréf, er gefa af sér vöxtu, að svo miklu leyti því ekki verður við komið að lána það einstökum mönnum gegn lögboðnu veði.

1862.

7. aprilm.

21. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptysfirvaldanna á Íslandi, um skyldu kandidate frá prestaskólanum til að þiggja Grímseyjar brauð.

9. aprilm.

Þér, herra stiptamtmaður, og þér, háeruverðugi herra, hafið í bréfi 12. septemberm. f. á. skýrt frá, að Oddur Gíslason, kandidate frá prestaskólanum í Reykjavík, hafi skorazt undan að þiggja Miðgarða brauð í Grímsey, sem stiptysfirvöldin hafi veitt honum, jafnvel þó hann fyrrum hafi fengið kennslu ókeypis og styrk úr almennum sjóði bæði við hinn lærða skóla og við prestaskólann, og muni þess vegna vera háður skyldu þeirri, sem um er rætt í konungsbréfum frá 10. maí 1737 og 2. desemberm. 1791, til að þiggja þegar á þarf að halda fátæk prestaköll á Íslandi; hafið þér fyrst og fremst beðið um samþykki stjórnarráðsins til þeirra aðgjörða yðar, er nú var getið, og því næst, að yður verði veitt vald til framvegis að fara eptir því, sem fyrir er mælt í konungsbréfum þessum, og hafið þér í því efni óskað, að stjórnarráðið lýsti því yfir, að ákvarðanir þessar einnig eigi að heimfærast upp á þá kandidate, sem koma frá prestaskólanum, og um leið getið þess, að þér að öðrum kosti ekki munið geta framvegis fengið menn til hinna fátæku braudanna, sem enginn sækir um.

Eptir að búið er að skrifast á við dómsmálastjórnina um málefni þetta, skal yður til vitundar gefið, að það, sem ákveðið er í konungsbréfum þeim, er nú var getið, verður ekki beinlínis heimfært upp á þá, sem lært hafa við prestaskólann í Reykjavík, jafnvel þó þeir hafi notið styrks úr almennum sjóði in á yður að gæta þess, að eigi verði framvegis sett á vöxtu í jarðabókarsjóðnum fè ómyndugra og opinberra stofnana, en þess skal getið, að það er vitaskuld« og s. frv.